



KFUM KFUK



Rétt og rangt

Fræðsluefni KFUM og KFUK á Íslandi

Vorið 2012 – Efnið allt

Tilraunaútgáfa

Inngangur

Fræðsluefni KFUM og KFUK á vormisseri 2012 heldur áfram að fjalla um gildi. Fyrir áramót fjölluðum við um þjóðgildin út frá kristinni lífssýn. Að þessu sinni horfum við til gilda heimssambands KFUM sem bera heitið „Challenge 21“ og skoðum þau í ljósi dygðalista Páls postula úr 5. kafla Galatabréfsins.

Uppbygging fræðsluefnisins er örlítið breytt frá liðnum árum. Eins og fyrr kynnum við texta vikunnar, skilgreinum markmið vikunnar og útskýrum Biblíutextann. Efninu er ætlað að vekja upp spurningar, ekki eingöngu hjá þátttakendum heldur einnig leiðtogum, og því er mikilvægt að lesa efnið vel yfir áður en mætt er á fundi.

Að þessu sinni er auk þess í efninu stutt vikuleg innsýn inn í líf, Najac, 11 ára gamals drengs sem býr í óskilgreindu þriðjaheimslandi. Þá er líkt og áður bent á tengingu við kvikmyndir og/eða tónlist sem þátttakendur kannast hugsanlega við. Hægt er að nálgast flestar af popptengingunum á einum stað á vefslóðinni: <http://bit.ly/tuyZx0>.

Við nokkrar samverur er bent á ítarefni sem gæti komið að gagni. Við vonumst til þess að efnið nýtist í starfi KFUM og KFUK með börnum og unglingum, Guði til dýrðar og okkur öllum til uppbyggingar.

Efnisyfirlit

- Samvera 1 – Hvað er gott? (um gildi)
- Samvera 2 – Kærleikur
- Samvera 3 – Gleði
- Samvera 4 – Friður
- Samvera 5 – Langlyndi
- Samvera 6 – Gæska
- Samvera 7 – Góðvild
- Samvera 8 – Trúmennska
- Samvera 9 – Hógværð
- Samvera 10 – Sjálfsagi
- Samvera 11 – Valdefling
- Samvera 12 – Samkennd

Samvera 1 - Hvað er gott? (Um gildi)

Ritningartexti: Gal 5.22-23

En ávöxtur andans er: kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsgagi. Gegn slíku er lögmálið ekki.

Markmið

Á fyrstu samverunni spyrjum við tveggja spurninga.

1. Hvernig vitum við hvað er gott og hvað er ekki gott að gera?
2. Hvar og hvernig lærum við um rétt og rangt?

Um textann

Upptalning Páls postula á ávöxtum andans í Galatabréfinu er nátengd eldri hugmyndum í Grikklandi til forna um dygðalista. Þeirra þekktastur er dygðalisti Aristótelesar (fæddur 384 f.Kr.) en líkt og hjá Páli felast dygðir Aristótelesar ekki í ákveðnum gjörðum heldur í skapgerð eða afstöðu einstaklinga. Aristóteles lagði mikla áherslu á að greina og flokka hluti og það átti einnig við um dygðir. Hann greindi sérstaklega níu dygðir sem hann taldi æskilegt að einstaklingar hefðu til að geta iðkað réttlæti og hugsað skynsamlega. Mikilvægasta dygðin var viskan. Hinar átta voru varkárni, réttlæti, æðruleysi, hugrekki, frjálsslyndi, glæsileiki, örlæti og sjálfstjórn.

Listi Páls inniheldur einnig níu dygðir, en þá er að miklu leiti upptalið hvað listarnir tveir eiga sameiginlegt. Ávextir andans eru samkvæmt Páli, kærleikur, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsgagi. Reyndar leggja báðir áherslu á sjálfsgaga eða sjálfstjórn en annars er eðli hugtakanna mjög ólíkt.

Til einföldunar má segja að megináhersla Aristótelesar virðist felast í afstöðu til sjálfs sín, meðan dygðirnar hans Páls horfa til annarra, og leggja ofuráherslu á afstöðu til annarra.

Í sögu kirkjunnar hafa hugmyndir Aristótelesar haft gífurleg áhrif, meðal annars í skrifum Tómasar frá Akvína og hafa þannig blandast inn í hugmyndir kirkjunnar og kristinna manna um rétt og rangt. Hins vegar má öllum vera ljóst að boðun Jesús og fyrstu lærisveinanna var um margt ólík áherslu Aristótelesar.

Hugmynd að hugleiðingu

Hægt er að lesa textann fyrir þátttakendur og fá þá til að nefna hugtök sem þeim finnst vera dygðir og skrifa á stórt blað jafnóðum (t.d. flettitöflu). Sér í lagi hjá yngri þátttakendum er líklegt að áherslan hjá þeim verði á

ákveðnar gjörðir fremur en skapperð eða afstöðu. Ef mögulegt er, þá er hjálplegt að benda þeim á hvernig greina má þar á milli.

Það fer vel á að enda slíka hugleiðingu á gullnu reglunni: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, skulið þér og þeim gjöra.“

Najac - Fótoltinn

Frásagnir af drengnum Najac verða reglulegur hluti af fræðsluefni þessa misseris. Hægt er að notast við þær í hugleiðingum, eða sem framhaldsögu á fundum vorsins ef það hentar.

Najac sat og hugsaði um leðurpjötlurnar fyrir framan sig. Það styttist í að fingurnir hans yrðu of stórir til að ráða við að sauma þá saman. Þó Najac væri smágerður vissi hann sem var að eftir nokkra mánuði hefði vinnuveitandinn ekki þörf fyrir hann. Líklega myndi vinnuveitandinn finna einhvern 8 ára til að sitja í stólnum hans til að sauma saman fimm- og sexhyrningana sem saman mynduðu fótbolta.

Najac hafði oft leikið sér með svona bolta ásamt félögum sínum áður en hann „fékk vinnu“ í verksmiðjunni. Boltinn sem hann og vinir hans notuðu hafði reyndar ekki glansað jafnmikið og leðurpjötlurnar sem hann hafði á borðinu.

Boltinn sem þeir léku með hafði verið snjáður og átti sér langa sögu. Hann hafði yfirgefið verksmiðjuna í kassa sem var síðan sendur til fyrirheitna landsins í vestri. Najac hafði heyrt að landið í vestri væri eins og Paradís, stöðug gleði, friður og endalaus leikur. Þar hafði boltinn endað í eigu krakka á svipuðum aldri og Najac. Þegar boltinn var orðinn snjáður, glansinn farinn af leðrinu og saumarnir byrjaðir að gliðna var hann gefinn til góðgerðarsamtaka sem sendu hann til baka í heimaland Najac. Það var undarlegt að hugsa til þess að börnin sem þurftu að þræla við að sauma saman bolta allan daginn, fengu fyrst að leika sér með boltana þegar einhverjir aðrir höfðu óhreinnað og skemmt þá. Og þeir sem gáfu boltana eftir að þeir skemmdust töldu sig vera að gera góðverk.

Þar sem Najac lét hugann reika um hringferð boltans heyrði hann skyndilega öskur verkstjórans. Najac vissi sem var, hugrenningar hans höfðu kostað hann hádegismatinn. Þeir sem slógu slöku við í verksmiðjunni fengu ekkert að borða í hádeginu.

Það sem verra var, Najac myndi ekki geta tekið neina afgangna heim til að gefa litlu frænku sinni sem bjó ásamt honum hjá fjarskyldum ættingjum í borginni.

Það var nefnilega ekki verst að fá ekkert að borða í heilan dag, heldur að vita til þess að dagdraumarnir hans bitnuðu á öðrum.

Popptengingar

Biggi Em - Rétt eða rangt

http://www.youtube.com/watch?v=DI_OMPjbT-E

Biggi Em virðist hallast að því að rétt og rangt skipti ekki miklu máli. Textinn snýst fyrst og fremst um hann sjálfan og eigin líðan. Mælikvarðinn á rétt og rangt er þannig fyrst og fremst hvernig honum líður sjálfum. Við virðumst skv. hugmyndum Bigga Em vera mælikvarðinn á rétt og rangt. Þessi nálgun er mjög algeng í rappi (og hjá unglingum) og ekki bara á Íslandi.

Hér gæti verið spennandi að fá þátttakendur til að ræða um hvers vegna Biggi Em, kallar lagið rétt og rangt. Eins má fá þátttakendur til að hugsa um hvernig þau skilgreina rétt og rangt. Byggir hugmyndin um rétt og rangt kannski aðallega á orðunum „af því bara?“

Samvera 2 - Kærleikur

Ritningartexti: 1Jh 2.7-11

Þið elskuðu, það er ekki nýtt boðorð sem ég rita ykkur, heldur gamalt boðorð sem þið hafið haft frá upphafi. Hið gamla boðorð er orðið sem þið heyrðuð. Eigi að síður er það nýtt boðorð, er ég rita ykkur, og sannindi þess birtast í honum og í ykkur því að myrkrið er að hverfa og hið sanna ljós er þegar farið að skína. Sá sem segist vera í ljósinu og hatar bróður sinn, hann er enn þá í myrkrinu. Sá sem elskar bróður sinn býr í ljósinu og í honum er ekkert er leitt geti hann til falls. En sá sem hatar bróður sinn er í myrkrinu og lifir í myrkrinu og veit ekki hvert hann fer því að myrkrið hefur blindað augu hans.

Markmið samverunnar

Við erum elskuð af Guði. Kærleikur Guðs til okkar byggir á hreinskiptum og opnum samskiptum og heiðarleika. Forsenda þess að geta höndlað kærleika Guðs er að við séum reiðubúin til að viðurkenna að við erum ekki fullkomin og gerum mistök.

Um textann

Þegar við lesum orðin í 1. Jóhannesarbréfi er mikilvægt að muna að bréf Nýja Testamentisins ávarpa alltaf þá sem kalla sig kristna. Bréfin eru ekki skrifuð fyrst og fremst til boðunar heldur til að fræða og styrkja þá „séð og trúað“.

Í orðum Jóhannesar felst þannig ekki dómur til handa þeim sem þekkja ekki Krist, heldur brýning til okkar um að horfast í augu við okkar eigin breyskleika. Til að horfast í augu við þörfina fyrir flokkadrætti, horfast í augu við þörfina fyrir að vita betur, kunna meira, skilja dýpra.

Það er samt einnig mikilvægt að skilja orð Jóhannesar í ljósi þess að þrátt fyrir að við lifum í myrkrinu, verðum syndinni að bráð, „þá eigum við málsvara hjá föðurnum, Jesú Kristi, hinum réttláta.“

Jóhannes kallar okkur til að endurspegla líf okkar í ljósi Krists, ganga í okkur sjálf, lýsa upp allt sem við viljum svo gjarnan fela í skúmaskotum. Það er nefnilega grundvallaratriði að horfast í augu við okkur sjálf, spyrja spurninga um hver við erum, hvað við gerum, áður en við hjólum í náungann.

Aðeins ef við göngumst við því sem við erum. Ef við erum reiðubúin að lifa án feluleiks og óttans við að upp um okkur komist, þá erum við ljóssins megin. Fyrst og fremst ber okkur að elska náunga okkar, elska þá sem við mætum. Fyrirgefning Guðs er til staðar, Guð hefur fyrirgefið syndir okkar vegna Jesú Krists.

Pegar við tölum um Guð er nefnilega grundvallandi að muna að skapari okkar, frelsari og lausnari er stærri en þú, stærri en við, stærri en allt annað sem er.

Pegar við mætum náunga okkar, er mikilvægt að muna að Guð er þar, sama hver náunginn er, sama hvað hann eða hún hefur gert eða sagt, eða mun hugsanlega gera eða segja.

Jóhannes heldur því hvergi fram að hann gangi stöðugt í ljósinu, hann veit sem er að við erum öll breysk. Hann sem var upphaldslærisveinninn, alla vega að eigin mati. Hann sem hleypur hraðar en Pétur. Hann sem kom einna fyrstur að gröfinni tómu. Hann sem sat við hlið Jesú Krists við síðustu kvöldmáltíðina. Hann veit sem er að náð Guðs, kærleikur Guðs er það eina sem veitir frelsi. Hann veit að við þurfum að leyfa ljósi Guðs að lýsa inn í dimmstu skúmaskot ef við viljum verða frjáls. En hann veit auðvitað líka sem er, að það er drulluerfitt, líklega ómögulegt.

En þá megum við lifa í trausti til þess að Jesús sé friðþæging fyrir allt sem við höndlum ekki að taka á í eigin lífi. Og ekki aðeins okkar lífi, heldur alls heimsins.

Hugmynd að hugleiðingu

Guð vill okkur vel og elskar okkar, enda erum við sköpun Guðs. Það að Guð vill okkur vel merkir að Guð bendir okkur á það sem miður fer í lífi okkar og vill að við lögum það sem ekki er í lagi. Ábendingar Guðs um gott líf má sjá í því fordæmi sem hann gefur okkur í Jesú. Jesús stóð með þeim sem voru minnimáttar, var óhræddur við að gera það sem var rétt þó það kostaði hann óþægindi. Þess vegna getur verið gott þegar við þurfum að taka ákvarðanir að spyrja sig hvað Jesús myndi gera. Þegar við svörum því, þá er gott að muna að elska Guðs til alls mannkyns, segir okkur að sýna öllum ást og virðingu.

Najac - Að fá tækifæri

Það var bankað upp á hjá ættingjunum í dag. Najac var nýkominn heim úr verksmiðjunni þegar hann heyrði að einhver kom að dyrunum. Hann gekk að dyrunum og opnaði. Fyrir utan var maður sem hann hafði séð áður. Einhver hafði sagt Najac að maðurinn væri kennari í nálægum skóla. Kennarinn leit á Najac kynnti sig og spurði hvort ættingjarnir væru heima. Najac fylgdi honum inn í húsið þar sem ættingjarnir sátu. Kennarinn kynnti sig aftur og sagðist vilja ræða við þau um skóla fyrir Najac.

Ættingjarnir litu á Najac og sögðu honum að fara út meðan þau ræddu við kennarann, Najac langaði til að mótmæla enda voru þau að ræða um hann. En hann vissi að það væri ekki til neins. Najac hafði engin völd á þessum stað. Hann gekk út og settist undir gluggann í von um að heyra samræðurnar inni.

Ættingjarnir byrjuðu á að segja kennaranum að Najac hefði ekki tíma, hann þyrfti að vinna í verksmiðjunni og svo hefði hann skyldur heima við. Skóli væri lúxus fyrir löt og dekrud börn og Najac hefði ekki tíma fyrir svoleiðis. Kennarinn sagði þeim að kannski gæti Najac komið í skólann einu sinni í viku og lært að lesa og skrifa, það gæti komið þeim öllum vel. Ættingjarnir voru ekki sannfærðir. Hver á að sjá um húsverkin á laugardögum ef Najac er í burtu? Það kostar nú sitt að hafa börn í skóla. Kennarinn sagði þeim að allur kostnaður við skólann væri nú þegar greiddur, Najac myndi fá heitan mat í skólanum og gæti tekið afganga með sér heim fyrir þau.

Ættingjarnir mýktust nokkuð við tilhugsunina um ókeypis mat. En hvað með ef Najac gæti ekkert lært, spurðu þau, væri ekki bara tímasóun að láta hann hanga í skóla ef hann gæti ekkert lært. Kennarinn sagði þeim að hafa ekki áhyggjur af því. Najac myndi örugglega standa sig og ef ekki, þá myndi hann láta þau vita.

Ættingjarnir samþykktu með semingi að láta reyna á þetta, en sögðu jafnframt að ef eitthvað vesen kæmi upp, myndu þau draga Najac strax úr þessari vitleysu.

Þegar Najac heyrði samþykkið hrópaði hann af gleði.

Popptenging

Sálin hans Jóns míns - Þú fullkomnar mig

<http://www.youtube.com/watch?v=FbPxfLQXUoo>

Ástarsöngur Salarinnar hefur verið notaður sem lofgjörðarsálmur til Guðs í guðsþjónustum í kirkjunni. Lýsingin á ástinni og áhrifum hennar er enda ekki ólík þeirri upplifun sem sum lýsa þegar þau upplifa ást og náð Guðs til sín.

Samvera 3 - Gleði

Ritningartexti: Filippíbréfið 4.4-7

Verið ávallt glöð í Drottni. Ég segi aftur: Verið glöð. Ljúflynndi ykkar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú.

Markmið

Raunveruleg gleði er smitandi og kallar okkur til að gleðja aðra.

Um textann

Pegar Páll skrifar Filippíbréfið er hann í fangelsi. Hann veit að ef til vill mun handtaka hans nú leiða til aftöku. En samt sem áður er bréfið fullt af gleði. Gleðin felst ekki í aðstæðunum sem hann er í. Gleði Páls byggir á fullvissunni um það að sama hvað gerist, Guð er með.

Bréfið er skrifað til fyrsta kristnu kirkjunnar í Evrópu, kirkjunnar í Filippí. Það var ekki tekið út með sældinni að boða Krist í nýrri heimsálfu og í bréfi Páls til Þessaloníkumanna rifjar Páll upp að hann hafi "þolað illt og verið misþyrmt í Filippí." En erfiðleikarnir báru ávöxt. Gleðin vegna upprisú Jesú og traust til þess Guðs sem hefur gefið allt, hefur svo sannarlega fest rætur í Filippí.

Bréfið inniheldur þakkir fyrir gjafir sem Páll hefur fengið í fangelsinu og annars staðar lesum við um stuðning íbúa Filippí til safnaðarins í Jerúsalem. Gleðin yfir góðum gjöfum Guðs kallar okkur til að gefa áfram, en hugsa ekki bara um okkur sjálf.

Gleðin sem felst í voninni á upprisuna er smitandi gleði. Hún kallar okkur til að gera það sem er gott.

Hugmynd að hugleiðingu

Hérna mætti fá þátttakendur til að velta fyrir sér spurningum eins og: „Hvað veitir þér gleði? Ef við tökum út allt sem veitir gleði og við þurfum að kaupa hvað er þá eftir?“ Að því loknu væri hægt að ræða um hvernig raunveruleg gleði smitar út frá sér.

Najac - Gleði og framtíð

Najac er glaður í dag. Hann fékk skilaboð frá mömmu sinni í gegnum ættingjana sem hann bjó hjá. Mamma hans hafði verið valin til að taka þátt í verkefni sem gæti breytt öllu. Henni hafði verið boðið að taka þátt í námskeiði, þar sem henni yrði kennt að sníða fót og stofna smáfyrirtæki. Hún myndi jafnframt fá lán til að laga þakið á húsinu þeirra og til að kaupa efni til fatagerðar. Samtökin sem stóðu að verkefninu, höfðu meira að segja boðist til að hjálpa henni að koma vörunum á markað í höfuðborginni.

Ættingjarnir voru reyndar ekki jafn spennt og Najac, þeir höfðu miklar efasemdir um að einhver myndi vilja hjálpa mömmu Najac, en Najac var glaður. Mamma hans hafði líka sagt að ef allt gengi vel, gæti hann komið aftur heim eftir 6-9 mánuði, þegar hún væri búin að koma undir sig fótunum.

Najac ákvað að byrja að telja niður dagana. Hann hafði ekki hitt mömmu sína lengi. Hún veiktist illa eftir að hafa drukkið mengað vatn og í kjölfarið varð hún að senda Najac frá sér til ættingja í höfuðborginni. Það voru líklega orðin tvö ár síðan. Allan þann tíma hafði hann ekki séð mömmu sína. Hann hafði ekki heldur heyrt mikið frá henni. Í þorpinu heima var enginn sími, hvorki Najac né mamma hans gátu lesið eða skrifað og það var helst að einhver sem ætti leið á milli þorpsins og höfuðborgarinnar gæti flutt fréttir á milli. En í dag var Najac glaður, bráðum yrði allt gott.

Popptenging

Hláturverkefnið í Berlín miðar að því að gleðja fólk í daglegum verkefnum. Hér er myndband af einstaklingum sem ákveða að gleðja í neðanjarðarlest. Hvað getum við gert til að gleðja þá sem í kringum okkur eru?

<http://www.youtube.com/watch?v=EeauvE1M7qc>

Samvera 4 - Friður

Ritningartexti: Jh. 14.27

Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist.

Markmið samverunnar

Þessari samveru er ætlað að kynna kraft fyrirgefningar Guðs í lífi okkar og fjalla um Biblíuhugtakið “Shalom” sem hefur verið þýtt á íslensku sem “friður”.

Um textann

Ritari Jóhannesarguðspjalls fjallar ítarlega um orð Jesú við síðustu kvöldmáltíðina í köflum 13-17. Jesús varar lærisveina sína við erfiðleikum og ofsóknum sem framundan eru, heitir þeim að Heilagur andi muni koma yfir þá og biður loks fyrir þeim (17. kafli).

Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist.

Jesús biður okkur að þiggja sinn frið. Hugtakið friður í hebreskri hefð, orðið “shalom,” er mun víðtækara en orðið friður í vesturevrópskum skilningi. “Shalom” eða friður í orðræðu Jesú merkir sátt, sátt við sjálfan sig, við Guð og náunga sinn. Nátengd hugmyndinni um frið er þannig hugmyndin um fyrirgefningu. Til að öðlast fyrirgefningu þurfum við að sættast við náungann, við Guð og kannski ekki síst við okkur sjálf. Það að fyrirgefa, viðurkenna misgjörð sína gagnvart sjálfum sér og öðrum og leita sáttar leiðir til friðar, leiðir til þess sem á tíma Jesús var kallað “shalom,” það að upplifa fyrirgefningu.

„Það að fyrirgefa ekki, er eins og að drekka rottueitur og bíða þess að rottan drepist“ stóð í Facebook skilaboðum sem ég sá rétt áður en ég settist niður til að skrifa þessa textaskýringu. Líklega er það ágæt nálgun. Ef við getum ekki fyrirgefið, þá er næsta ómögulegt að öðlast sátt við sjálfan sig og aðra.

Í hugum einhverra felst friður í því að umbera skoðanir annarra. Það er **ekki** það sem Jesús Kristur á við þegar hann talar um frið. Friður er miklu, miklu meira en umburðarlyndi, enda felst í umburðarlyndinu, sinnu- eða skeytingarleysi um aðra. Friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi felst í að láta sig aðra varða, stendur með þeim sem minna mega sín og leitar eftir sátt og fyrirgefningu.

Najac - Þjófnaðurinn

Það var laugardagur. Najac vaknaði fullur tilhlökkunar, hann fengi að fara í skólann. Vikan hafði verið erfið og hann hafði ekki fengið heita máltíð síðan hann var í skólanum síðasta laugardag. Najac klæddi sig og hljóp af stað út. Ættingjarnir sátu utan við húsið og spurðu þegar hann hljóp hjá, hvenær hann ætlaði að hætta þessari skólavitleysu. Najac svaraði engu, hann vissi að mamma hans yrði stolt ef hún vissi að hann væri kominn í skóla, þó það væri bara einu sinni í viku.

Najac kom að skólanum og hljóp inn í andyrið, hann var snemma á ferðinni og hann vissi að skólinn byrjaði ekki strax. En honum leið vel í skólahúsinu og vildi frekar bíða þar en vera heima hjá ættingjunum. Það fyrsta sem hann sá, þegar hann kom inn í skólann, var stór brauðhleifur á borði innan við útidyrnar. Najac hikaði ekki andartak en reif bita af brauðinu og stakk upp í sig. Hann hugsaði sem svo að engin tæki eftir því þó hann stæli smá bita. En hann hafði rangt fyrir sér. Hann heyrði rödd kennarans: „Ertu stoltur af því sem þú gerðir, Najac?“ Kennarinn gekk inn í andyrið.

Najac snéri sér við og stóð andspænis kennaranum, mannum sem hafði komið og talað við ættingjana. Sannfært þau um að hann ætti að fá að fara í skólann. Þarna stóðu þeir andspænis hvor öðrum. Kennarinn spurði aftur: „Ertu stoltur af því sem þú gerðir, Najac?“

Þegar Najac heyrði spurninguna, fannst honum eins og hjartað myndi springa. Najac hefði miklu fremur viljað að hann hefði barið sig, þá hefði sársaukinn komið strax. Najac hefði tekið út refsingu og hann hefði getað reiðst sjálfum sér og kennaranum jafnt. Kennarinn hefði líka getað rekið hann í burtu, sagt honum að láta aldrei sjá sig aftur. En nei, það eina sem kennarinn gerði var að spyrja. „Ertu stoltur af því sem þú gerðir, Najac?“ Najac titraði. Hann hugsaði um hvernig hann ætti að bregðast við. Hann gæti hlaupið út og aldrei komið aftur. Hann gæti reynt að láta sem ekkert væri, spurningin hefði engin áhrif haft á hann. Hann væri meiri töffari en svo, en Najac ákvað að vera heiðarlegur. Hann horfði framan í kennarann og sagði hátt: „Nei. Ég er ekki stoltur.“ „Nei.“ sagði Najac aftur og grét. Hann hafði ekki grátið síðan hann kvaddi mömmu sína og hélt af stað til höfuðborgarinnar. Najac fannst eins og hann hefði brugðist, hefði svikið sjálfan sig, gert eitthvað sem honum var ekki samboðið og þeir vissu það báðir, hann og kennarinn.

Þeir stóðu andspænis hvor öðrum, Najac þerraði tárin. Kennarinn spurði hvort hann vildi taka þátt í stuttri morgunstund með starfsfólkinu, sem bráðum væri að hefjast. Kennarinn sagði Najac að á hverjum morgni kæmi starfsfólkið saman til að syngja og biðja til Guðs, honum væri velkomið að sitja á stundinni og jafna sig áður en skólinn byrjaði. Hugsa hver hann vildi vera og hver hann vildi verða.

Najac átti erfitt með að svara. Hann hafði brugðist og kennarinn brást við með því að bjóða honum að vera með. Najac ákvað að þiggja boðið.

Hann þekkti ekki alla söngvana en var þakklátur fyrir kyrrðina og væntumþykkjuna. Hann ætlaði aldrei aftur að bregðast sjálfum sér.

Popptenging

John Lennon og Yoko Ono - Give Peace a Change

<http://www.youtube.com/watch?v=AwNg4lHFj7I>

Í textanum við lagið kallar John Lennon og Yoko Ono eftir því að við gefum frið tækifæri. Eftir að hafa hlustað á myndbandið má spyrja þátttakendur hvernig við getum gefið frið tækifæri. Þegar við erum búin að fá nokkur svör, má spyrja hvers konar friður það sé sem felist í svörunum. Er það friður afskiptaleysis í nafni umburðarlyndis eða er það friður umhyggjunnar sem leitast eftir að virða aðra hlusta á þá og þykja vænt um þá. Hvers konar friði kallaði Jesús eftir?

Samvera 5 - Langlyndi

Ritningartexti: Jesaja 11.4-9

Með réttvísi mun hann dæma hina vanmáttugu og skera með réttlæti úr málum hinna fátæku í landinu. Hann mun ljósta ofbeldismanninn með sprota munns síns, deyða hinn guðlausa með anda vara sinna. Réttlæti verður belti um lendar hans, trúfesti lindinn um mjaðmir hans.

Pá mun úlfurinn búa hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum. Kálfur, ljón og alifé munu ganga saman og smásveinn gæta þeirra. Kýr og birna verða saman á beit, ungiði þeirra hvílir hvort hjá öðru, og ljónið mun bíta gras eins og nautið. Brjóstmylkingurinn mun leika sér við holu nöðrunnar og barn, nývanið af brjósti, stinga hendi inn í bæli höggormsins.

Enginn mun gera illt, enginn valda skaða á mínu heilaga fjalli því að allt landið verður fullt af þekkingu á Drottni eins og vatn hylur sjávardjúpið.

Markmið

Vonin um Guðsríkið er meginstef Gamla testamentisins. Ákall eftir heimi þar sem réttlæti, sátt og eining ríkir. Með komu Krists, dauða hans og upprisu braust ríki Guðs inn í heim okkar. Markmið þessarar samveru er að segja frá voninni. Guð kallar okkur til að vera í senn þolinmóð og ópreyjufull og kallar okkur til aðgerða svo þau sem í kringum okkur eru megi sjá Guðsríkinu bregða fyrir og upplifa náðarkraft Guðs sem öllu breytir.

Um textann

Vonartexti Jesaja er ekki skrifaður í tómarúmi. Hann er viðbrögð hertekinnar þjóðar, þjóðar sem finnur sig máttvana á mótum stórvelda.

Miðausturlönd hafa alltaf verið átakasvæði og oftast nær hefur Ísraelsþjóðin verið máttlaus í samanburði við nágrannana.

Babýlóníumenn voru þar, Egyptar höfðu ítök um tíma, Grikkir tóku landið yfir og síðar Rómverjar. Í herleiðingunni miklu á 6. öld fyrir Krist voru bestu íbúar Ísraélríkisins fluttir á brott. Þekking þeirra og menntun var nýtt í þágu erlends stórveldis. Vonartexti Jesaja er þannig texti hins kúgaða.

Það er mikilvægt að skilja að ekkert ljón hlakkar til að bíta gras. Eðli bjarndýra er ekki að vera grasætur. Mikki refur fagnaði ekki nýju lögunum í Hálsaskógi. Von Jesaja, sú von sem Biblían kynnir er ekki von hins sterka, ríka og öflugra, heldur hins þreytta, fátæka og sveltandi.

Við sem e.t.v. erum ljón eigum oft erfitt með von Biblíunnar einmitt vegna þessa. Það er ekki auðvelt að hugsa til þess að kannski þurfum við að breyta okkar atferli svo von Guðs, hið fagra, góða og fullkomna geti átt

framgang. Það er óþægilegt að horfast í augu við það að við sem köllum okkur kristin erum e.t.v. helsta hindrun þess að Guðsríkið nái fram að ganga.

Najac - Að vera fyrir aðra

Í dag var Najac laminn.

Þegar hann kom heim úr verksmiðjunni fann hann að það var spennan í loftinu. Ættingjarnir voru pirraðir og litla frænka Najac lét lítið fyrir sér fara. Najac gekk til litlu frænku sinnar og gaf henni af afgangunum sem hann hafði fengið eftir hádegismatinn. Það var nóg til að allt færi í háloft. Najac heyrði reiðiþop og konan sem hann bjó hjá þreif diskinn af litlu frænkunni. „Þú þarft ekki mat í dag.“ Sagði konan reið. „Barn sem skilur ekki og hlýðir ekki, borðar ekki.“ Litla frænkun teygði sig eftir disknum en þá reif konan upp staf og ætlaði að berja á henni. Najac stóð um stund frosinn, en kastaði sér síðan á hendina sem hélt stafnum á lofti, tilbúin til að slá. „Láttu litlu frænku mína vera!“ Hrópaði Najac. Konan hristi hann af sér, lyfti stafnum og barði þéttingsfast í höfuð Najac, fyrst einu sinni, svo aftur. Najac sá litlu frænku sína skriða í skjól. Hún var óhult í bili, en stafurinn hélt áfram að skella á höfði og öxlum Najac.

Najac byrjaði að skriða grátandi að útidrunum um leið og hann reyndi að skýla höfðinu með hendinni. Þegar hann komst út, heyrði hann konuna kalla á eftir sér. „Hingað inn ertu aldrei velkominn. Láttu aldrei sjá þig aftur. Þú ert sami vandræðagemsinn og hún mamma þín.“

Najac hljóp og hljóp burtu, hann vissi ekki hvert. Eftir nokkra stund, tók hann eftir að hann var staddur í almenningsgarði. Hann settist á bekk og reyndi að slaka á. Þá fann hann fyrir sársaukanum í höfðinu og í öxlinni.

Í dag var Najac laminn. En það var ekki verst. Í dag átti Najac hvergi heima. Hann var einn og allt sem hann átti voru fötin sem hann var í. Myrkrið lagðist yfir höfuðborgina, Najac sat á bekk í almenningsgarði. Hann horfði á skuggana af stytum sem stóðu sem minnismerki um fallin stórmenni. Hann sat í þögn og hélt aftur af tárnum. Hann yrði aldrei einn af þeim, hann var ekkert, eða hvað? Hann hafði alla vega bjargað frænku sinni frá stafnum (í bili).

Hann sá fyrir sér stytta af sjálfum sér, þar sem hann skýldi frænku sinni frá stafnum. Hann brosti með sjálfum sér og lagðist til svefns á bekknum. Hann sofnaði brosandi, þetta var ekki allt til einskis.

Popptenging

Christina Perri - The Lonely

<http://www.youtube.com/watch?v=HO4e4nCYBEo>

Upplifunin af missi og óöryggi er sterk í lagi Christina Perri, The Lonely. Nálgun Christina skortir von, langlyndi og framtíð en sérstaklega eldri þátttakendur í starfinu gætu samsamað sig mjög vel líðan söngvarans í laginu. Þannig er spennandi að hlusta á lagið með hópnum og spyrja þau: „Hvað svo?“

Í svörtum fötum - Paradís

http://www.youtube.com/watch?v=6_s4frjMVdw

Er annað sterkt sorgarmyndband. Vonin um framtíð er samt sterk í veru barnsins í myndbandinu.

Dikta - Thank you

<http://www.youtube.com/watch?v=Yx4KoRbh0cE>

Upplifunin að vera skyndilega lifandi, skilja að við höfum hlutverk, erum kölluð er viðfangsefni þakkarljóðs Diktu. Þessi tilfinning kallar á að við sleppum takinu á örygginu og göngum fram í trausti (til Guðs). Það merkir ekki að allt verði endilega gott, óvissan er alltaf erfið en við megum lifa í vitneskjunni um að við erum Guðs.

Mikki refur - Dýrin í Hálsaskógi

Viðbrögð Mikka refs við reglum Bangsapabba í dýrunum í Hálsaskógi eru áminning til okkar. Kannski er ástæða fyrir okkur að spyrja hvort við séum eins og Mikki refur í einhverjum málum. Viljum ekki vernd fyrir aðra, því það gæti kallað okkur til að taka upp nýja síði.

Samvera 6 - Gæska

Ritningartexti: P 2.44-47

Allir þeir sem trúðu héldu hópinn og höfðu allt sameiginlegt. Menn seldu eigur sínar og muni og skiptu meðal allra eftir því sem hver hafði þörf á. Daglega komu menn saman með einum huga í helgidóminum, brutu brauð í heimahúsum, neyttu fæðu saman í fögnuði og einlægni hjartans. Þeir lofuðu Guð og höfðu vinsældir af öllum. En Drottinn bætti daglega við í hópinn þeim er frelsast létu.

Markmið

Guð kallar okkur til að þjóna öðrum. Sýna öllum gæsku og góðvild.

Um textann

Þegar við skiljum að líf okkar og staða er Guðs gjöf en ekki réttur okkar. Þegar við gerum okkur grein fyrir að staða okkar er ekki tilkomin vegna þess að við erum betri, merkilegri eða gáfaðri en aðrir. Þegar við skiljum að forréttindi okkar eru ekki tilkomin vegna þess að við eigum þau frekar skilið en aðrir, þá kallar sú uppgötvun á nýja lífssýn. Það gerðist í Jerúsalem í kjölfar Hvítasunnuundursins. Meðvitundin um að allt sem við höfum og fáum er í raun og veru eign Guðs, breytir öllu.

Þessi enduruppgötvun Hvítasunnudagsins að allt væri Guðs og okkur bæri að njóta gjafa Guðs saman og nýta einstakar gjafir okkar hverju öðru til uppbyggingar gleymist oft og iðulega. Okkur finnst að við eigum „rétt á“ að lifa betra lífi en aðrir, eiga flottara dót en aðrir, betri föt en aðrir. Við réttlætum fyrir sjálfum okkar þessi „réttindi“ með því að benda á aðra, einhver enn annar hafi það betra en við.

Það er ekki fyrr en við komumst út úr vítahring „réttindanna“ og tileinkum okkur viðhorf „þakklætisins“ að við getum skilið kærleiksverk Guðs. Eina leiðin til að losna úr vítahring „réttindanna“ er að æfa sig í þakklæti og gjafmildi. Aðeins með stöðugri æfingu og reglulegri iðkan getum við öðlast skilning á náðargjöf Guðs. Og ef þið haldið að það sé erfitt að mæta reglulega í ræktina eða fara í megrun, þá er það minnsta mál í samanburði við það að sína stöðuglega þakklæti og gjafmildi. Enda entist ástandið sem lýst er í 2. kafla Postulasögunnar ekki nema fram í 6. kaflann.

Hugmynd að hugleiðingu

Fá þátttakendur til að velta upp spurningunni: „Hvernig getum við æft okkur í að sýna þakklæti?“

Najac - Sársauki

Það var vont að vakna upp í morgun. Sársaukinn í höfðinu og öxlinni voru liðnir hjá en það var verkur í öllum munninum. Najac settist upp á bekk í almenningsgarðinum og velti fyrir sér hvað hann gæti gert. Hann óskaði þess að hann gæti rifið tönnina úr sem meiddi hann. Kannski gæti hann fundið einhvern sem ætti töng og gæti bara fjarlægt tönnina. Najac vissi að áður en hann færi af stað þyrfti hann að fá sér eitthvað að drekka. Hann vissi að kalt vatn drægi úr sársaukanum, samt ekki nema í smástund. Alla vega gæti hann ekki farið í verksmiðjuna. Eigandinn kærði sig ekki um „götubörn“ og hafði sagt honum að hann gæti ekki unnið þar áfram. Hann ákvað að halda upp í skólann. Kannski ætti kennarinn töng og gæti kippt tönninni úr.

Pegar Najac kom að skólanum mætti hann kennaranum. Najac sagði honum hvað var að og kennarinn sagðist e.t.v. geta hjálpað. Kennarinn sagðist þekkja tannlækni í borginni sem stundum hjálpaði í skólanum og myndi kannski geta kíkt á Najac. Najac maldaði í móinn, en kennarinn sagðist geta fylgt honum til tannlæknisins og rætt við hann. Þeir gengu saman í gegnum bæinn og að stóru glæsilegu húsi í miðbænum. Najac hafði aldrei farið inn í svona flott hús. Kennarinn gekk með honum inn í herbergi með sófum og borðum og sagði Najac að fá sér sæti. Síðan gekk kennarinn að afgreiðsluborði og ræddi við mann sem stóð þar hjá. Þegar kennarinn kom til baka sagði hann Najac að bíða, eftir smá stund yrði nafnið hans kallað upp. Kennarinn kvaddi síðan Najac og fór.

Najac leið vel þar sem hann sat í sófanum, hann var mjúkur og þægilegur. Najac hafði aldrei áður setið í svona þægilegu sæti. Þá heyrði hann skyndilega hrópað. „Najac, þú ert næstur. Gerðu svo vel að koma inn.“ Najac gekk inn að skrifstofu tannlæknisins. Þegar hann sá verðskrána á veggnum við hurðina, brá honum mjög. Þetta gæti hann aldrei borgað. Hann snéri við og byrjaði að ganga burtu. Honum fannst eins og kennarinn hefði blekk sig, þarna var enga hjálp að fá. Þá heyrði hann einhvern kalla á sig. Hann snéri sér við og sá mann í hvítum slopp standa í dyrum tannlæknastofunnar. Maðurinn í dyrunum spurði Najac hvort hann þyrfti hjálp. Najac svaraði að bragði að hann ætti enga peninga.

„Það skiptir ekki máli,“ sagði maðurinn, „ég hlýt að geta hjálpað.“ Síðan benti hann Najac á að koma inn og setjast í stól inn á stofunni.

Najac ákvað að hlýða, sársaukinn í tönninni hafði aukist þegar leið á daginn. Tannlæknirinn sagði Najac að opna munninn og skoðaði tennurnar. Hann notaði járnáhald til að pota í tennurnar, Najac næstum æpti af sársauka þegar hann snerti skemmdu tönnina.

Tannlæknirinn sprautaði efni í tannholdið við tönnina. Það var óþægilegt þegar nálin stakkt en síðan minnkaði sársaukinn. Tannlæknirinn sagði honum að efnið væri til að deyfa munninn svo Najac finndi ekki til rétt á meðan tannlæknirinn lagaði tönnina.

Síðan hófst tannlæknirinn handa, meðan hann vann sagði hann Najac að í hverri viku reyndi hann að gera við tennur hjá nokkrum strákum sem lifðu á götunni. Tannlæknirinn sagðist hafa búið þannig sjálfur í nokkur ár. Hann hefði alist upp allslaus, en fengið tækifæri til að læra í sama skóla og Najac. Tannlæknirinn sagði að sér hefði gengið svo vel að læra að hann hefði fengið hjálp til að fara í háskóla. Núna liti hann á það sem hlutverk sitt að gefa til baka af því sem hann hefði fengið að njóta sjálfur. Þegar tannlæknirinn hafði lagað skemmdu tönnina, gaf hann Najac lítið veski með tannbursta og tannkremi. Tannlæknirinn sagði Najac að koma aftur þegar tannkremið kláraðist og fá meira. Najac var þakklátur þegar hann gekk út. Hann fann til þakklætis og kærleika gagnvart kennaranum sem tók hann til tannlæknisins, til tannlæknisins og líka til alls þess fólks sem hafði hjálpað tannlækninum á sinni vegferð.

Popptenging

Livevest Inside - Boomerang

<http://www.youtube.com/watch?v=Qc8ZbVcdHpg>

Livevest Inside er hreyfing sem trúir því að góðverk leiði til þess að heimurinn verði betri og gleðilegri. Myndbandið „Boomerang“ sýnir hvernig góðverk einnar manneskju smitar út frá sér. Myndbandið getur opnað leiðir fyrir þátttakendur í starfinu til að ræða um hvað felst í góðverkum og hvernig við getum komið vel fram við aðra.

Pay It Forward (kvikmynd)

Í umræðum um gæsku, er alltaf hægt að horfa á kvikmyndina Pay It Forward frá árinu 2000. Myndin þarfnast ekki mikillar umræðu, enda er boðskapurinn mjög einfaldur og skýr

Samvera 7 - Góðvild

Ritningartexti: P. 6.1-7

Á þessum dögum, er lærisveinum fjölgaði, fóru grískumælandi menn að kvarta yfir því að hebreskir settu ekkjur þeirra hjá við daglega úthlutun. Hinir tólf kölluðu þá lærisveinahópinn saman og sögðu: „Ekki hæfir að við hverfum frá boðun Guðs orðs til að þjóna fyrir borðum. Finnið því, systkin, sjö vel kynnta menn úr ykkar hópi sem fullir eru anda og visku. Munum við setja þá yfir þetta starf. En við munum helga okkur bæninni og þjónustu orðsins.“ Öll samkoman gerði góðan róm að máli þeirra og kaus hún Stefán, sem var gagntekinn af trú og heilögum anda, Filippus, Prókorus, Níkanor, Tímon, Parmenas og Nikolás frá Antiokkíu sem tekið hafði gyðingatrú. Söfnuðurinn lét leiða þá fram fyrir postulana sem báðust fyrir og lögðu hendur yfir þá.

Orð Guðs breiddist út og tala lærisveinanna í Jerúsalem fór stórum vaxandi. Einnig snerist mikill fjöldi presta til hlýðni við trúna.

Markmið

Getum við ákveðið í sameiningu að eitthvað sé gott eða vont? Er hægt að kjósa um mannréttindi? Getur meirihlutinn ákveðið að minnihlutahópar eigi ekki að hafa mannréttindi?

Um textann

Það er ekki nýtt að kristnir menn skipi sér í lið eða fylkingar. Strax í 6. kafla Postulasögunnar lesum við um að grískumælandi kristnir í Jerúsalem veita því eftirtekt að ekkjur sem töluðu grísku voru skyldar útundan þegar kristnir í Jerúsalem skiptu á milli sín daglegum kosti.

Það tók sem sé ekki nema „6. kafla“ fyrir kirkju Krists að verða vettvangur ójafnréttis. Reglurnar sem giltu fyrir hebreskar ekkjur, voru ekki í gildi fyrir grískumælandi ekkur.

Við höfum öll tilhneigingu til að skipa öðrum í hópa og oft finnst okkur að aðrar reglur eigi að gilda um okkur og okkar hóp en aðra.

Þegar við erum í meirihluta finnst okkur jafnvel í lagi að kjósa um hvaða réttindi eiga að gilda fyrir aðra. Þannig hafa verið settar reglur um hegðun minnihlutahópa, sem oft byggja á því að þeir hafi ekki sama rétt og meirihlutinn. Meðan einstaklingar tilheyra meirihlutanum þá finnst mörgum engin ástæða til að skipta sér af eða gera athugasemdir. Orð sem eignuð eru prestinum Martin Niemöller, útskýra þetta ágætlega.

...fyrst komu þeir og sóttu kommúnistana;
ég sagði ekkert því að ég var ekki kommúnisti.
Síðan sóttu þeir gyðingana;
ég sagði ekkert því að ég var ekki gyðingur.
Þá komu þeir til þess að sækja verkamennina,
félaga í stéttarfélögum;

ég var ekki í stéttarfélagi.
Þar á eftir sóttu þeir kaþólikkana;
ég sagði ekkert því að ég var mótmælandi.
Loks komu þeir til þess að sækja mig og
enginn varð eftir sem gat sagt neitt.“

(Þýðingin á orðum Martin Niemöller er fengin úr Kompás - Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk, bls. 32)

Niemöller var upphaflega íhaldssamur þjóðernissinni sem studdi við stefnu Hitlers um endurreisn þýska ríkisins. Þegar hann síðan sá hvert stefndi í Þýskalandi, breytti hann um kúrs og tók virkan þátt í Játningakirkjunni svokölluðu sem barðist gegn nasisma. Svo fór að 1937 var hann handtekinn og dvaldi meðal annars í útrýmingarþúðunum í Dachau fram að stríðslokum.

Það er vissulega mikilvægt að standa upp fyrir eigin réttindi líkt og grískumælandi kristnir gerðu í Jerúsalem fyrir hartnær 2000 árum, en það er ekki síður mikilvægt að standa upp fyrir aðra, jafnvel þegar það hentar okkur ekki. Ekki einvörðungu vegna þess að það getur komið sér vel síðar, heldur einfaldlega vegna þess að það er rétt. Allt mannkyn er dýrmæt sköpun Guðs. Hér er mikilvægt að við gleymum aldrei að ALLT merkir ALLT. Ekki bara þau sem eru eins og við.

Hugmynd að hugleiðingu

Hér gæti verið spennandi fyrir þátttakendur að nefna réttindi sem allir ættu að hafa í ljósi þess að við erum öll dýrmæt sköpun Guðs. Einnig er hér spennandi tækifæri til að ræða um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvað í honum felst. Á vefsíðunni <http://www.nams.is/kompas> er verkefni sem ber heitið „Réttindi barna“. Í því verkefni þurfa þátttakendur að raða greinum barnasáttmálans í tígul, mikilvægasta greinin efst og sísta greinin neðst.

Najac - Von

Najac fór í skólann í dag, hann mætti snemma og vonaði að hann mætti aftur sitja inni á helgistundinni hjá starfsfólkinu. Þegar hann kom inn mætti hann kennaranum. Kennarinn spurði hvernig hefði gengið hjá tannlækninum og bauð honum svo á stundina.

Það var engin söngur að þessu sinni. Einn starfsmannanna var að deila með hinum frásögn af ferð sem hann hafði farið í til fyrirheitna landsins. Najac var brugðið að sjá hann og langaði að spyrja af hverju hann hefði komið til baka. Er ekki allt betra í fyrirheitna landinu? En Najac þagði og hlustaði.

Ferðalangurinn talaði við starfsfólkið um hvernig alsnægtirnar hefðu áhrif á vonina. Hann sagði frá foreldrum sem ynnu allan daginn, frá börnum sem sáu foreldra sína í minna en 1 klst á dag, jafnvel þó þau byggju í sama húsi. Allt virtist snúast um að eignast, en það að njóta og lifa hefði gleymst. Najac skyldi þetta ekki. Er hægt að eiga allt, skorta ekkert, en vilja samt meira og meira og meira. Najac átti ekkert nema fötin sem hann var í. Hann gat grátið og hlegið, vonað og beðið. Hann langaði samt oft í meira.

Ferðalangurinn bætti við að stundum væri eins og í fyrirheitna landinu væri engin von. Þeir sem vonuðust eftir réttlæti, þyrftu að byrja á að gefa af alsnægtum sínum og það vildi enginn gera. Ferðalangurinn talaði um að hafa ekkert að hlakka til, að þurfa aldrei að vera þolinmóður, að bíða væri talið veikleikamerki. Fyrirheitna landið hefði glatað voninni og framtíðinni í eftirsókn sinni eftir að eignast allt NÚNA. Margir hefðu meira að segja hafnað Guði, þau hefðu allt og þyrftu ekki á Guði að halda. Najac varð ringlaðri og ringlaðri. Var fyrirheitna landið ekki fullkomið? Eiga þeir sem eiga allt, líka í erfiðleikum? Líður einhverjum illa sem er aldrei hungraður? Hvernig var hægt að segja að Guð skipti ekki máli? Hafði Guð ekki gefið allt?

Ferðalangurinn talaði um einmanaleikann í fyrirheitna landinu. Hvernig fólk væri upptekið af að vinna og eignast að það hefði gleymt því að lifa. Hann talaði um að þau gætu kennt fólkinu í fyrirheitna landinu sitthvað um nægjusemi og samfélag.

Najac varð hugsí. Hafði hann eitthvað upp á að bjóða sem fólkið í fyrirheitna landinu hafði ekki. Hann átti drauma og vonir. Hann hlakkaði til að hitta mömmu sína, bara ef hann kæmist heim á sléttuna.

Popptenging

Queen - I Want it All

<http://www.youtube.com/watch?v=gfLD-7bCtME>

Hér er það að sjálfsöggðu viðlagið sem er viðfang samverunnar. Þörfin fyrir að fá allt NÚNA. Í bandarísku skólakerfi er mikið talað við börnin um muninn á forréttindum og réttindum. Á vefsíðu Barnasáttmálans er ágætur leikur sem tekur á þessu

(<http://www.barnasattmali.is/nam/verkefniyngrinemendur/125-rettindiogforrettindi.html>). Einnig má ræða þennan mun almennt við þátttakendur.

Ítarefni

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (SP) hefur verið samþykktur af öllum aðildarþjóðum SP nema Sómalíu og Bandaríkjunum. Í honum er tíunduð réttindi sem öll börn eiga að hafa. Í tengslum við þessa samveru gæti verið spennandi að ræða efni sáttmálans við þátttakendur í starfinu. Fá þá til að velta fyrir sér hvaða réttindi eru mikilvægust og hvers vegna.

Verkefni og nánari upplýsingar um sáttmálann má fá á

<http://www.barnasattmali.is/nam/index.html>.

Samvera 8 - Trúmennska

Ritningartexti: 1M 1.27-31a

Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu. Guð blessaði þau.

Og Guð sagði við þau: „Verið frjósöm, fjölgið ykkur og fyllið jörðina, gerið ykkur hana undirgefna og ríkið yfir fiskum sjávarins og fuglum himinsins og öllum dýrum sem hrærast á jörðinni.“

Og Guð sagði: „Nú gef ég ykkur allar sáðjurtir jarðarinnar og öll aldintré sem bera ávöxt með fræi. Þau skulu vera ykkur til fæðu. Og öllum dýrum jarðarinnar, öllum fuglum himinsins, öllum skriðdýrum jarðarinnar, öllu sem hefur lífsanda í sér, gef ég öll grös og jurtir til fæðu.“ Og það varð svo.

Og Guð leit allt sem hann hafði gert, og sjá, það var harla gott.

Markmið

Hvað felst í því að fara vel með gjafir Guðs? Hvað þýðir að hafa ráðsmennskuhlutverk hér á jörðu?

Um textann

Ráðsmennskan er hlutskipti mannsins. Líf hvers einstaklings er dýrmætt, Guðs gjöf. Og hver einstakur ber ábyrgð í lífi sínu, bæði gagnvart sjálfum sér og öðrum. Við erum sköpuð til samfélags og í því erum við ráðsmenn Guðs og höfum afar mikilvægu hlutverki að gegna sem fulltrúar hans. En ráðsmennskan er okkur dýr. Líklega af því, að í ráðsmenskunni, kunnum við ekki alltaf fótum okkar forráð. Þó er hún forsendan fyrir því að eitthvað gangi. Okkur hefur verið trúað fyrir miklu og þar er enginn undanskilinn. Þú og ég eigum í heimi hér ráðsmennskuhlutverkið víst, til þess að annast og hlú að, - af öllum mætti, huga, hjarta og sál. Og verkefnin eru ærin. Óendanleg. Spannandi. Ávaxtarík. Í sköpunarsögu Biblíunnar er þessu svo lýst að manneskjan hafi ekki haft frið í sálu sinni, þegar henni varð ljóst að hún bjó yfir hyggindum og forvitni og hæfileikum til þess að láta eitthvað gerast eftir eigin höfði. Snákurinn í paradís er táknið um þær dularfullu hugrenningar, sem leiða manneskjuna í ógöngur. Fær hana til að bregðast ráðsmennskuhlutverki sínu og gleyma því, hvaðan allt er. Gleyma því hver léði manneskjunnar lífsins hlutverk, -foreldrahlutverkið, kennarastarfið, forstjórastöðuna, ráherraembættið, já eða það hlutverk að vera öðrum náungi. Upptalningin er auðvitað takmarkalaus. “Hver sem mikið er gefið

verður mikils krafinn” hefur Lúkas guðspjallamaður svo eftir frelsaranum á öðrum stað. (Lúk. 12.48).

(Birgir Ásgeirsson, 2006, *Ráðmennskan mín*,
<http://tru.is/postilla/2006/08/radsmennskan-min>)

Hugmynd að hugleiðingu

Hér getur farið vel á því að lesa fyrri sköpunarsögu 1. Mósebókar og segja þátttakendum að þessi texti sé fyrst og fremst ákall til okkar að fara vel með sköpun Guðs. Guð hafi útvalið okkur til að passa upp á sköpun sína og við þurfum að taka það hlutverk alvarlega. Í smærri hópum má opna umræðu um hvernig við getum gert það.

Najac - Að eiga eitthvað

Það var kalt í dag. Najac hafði lítið til að skýla sér fyrir hafgolunni þegar hann vaknaði. Þetta yrði ekki auðveldur dagur. Najac hafði kvöldið áður náð að finna sér stað niður við ströndina, þar sem hann gat lagst til svefns í skjóli nokkurra báta sem lágu á hvolfi í fjörunni. Sandurinn var mjúkur og þægilegur og Najac hafði búið sér til lítinn kotta með því að hrúga upp sandi undir höfuðið. Hann hélt sig vera svo sniðugan að finna þennan stað en undraðist pínulítið hvers vegna engir aðrir heimilislausir væru þarna.

Nú skyldi hann það betur. Hárið var fullt af sandi, sandkorn voru föst í fötunum hans og honum var skítkalt. Najac ætlaði aldrei aftur að sofa á ströndinni, eins og þetta virtist góð hugmynd í gær.

Það var erfitt að búa einn á götunni, eiga ekkert skjól. Hann átti samt stað sem hann gat kallað „heima“, heima í litla þorpinu þar sem mamma hans bjó. Najac hugsaði oft heim, það var ekki alltaf auðvelt að vera þar og oft fóru þau svöng í háttinn, en það var samt „heima“, staðurinn hans.

Najac flýtti sér á fætur, hann vissi að ef hann myndi liggja áfram, yrði hann ennþá kaldari. Hann hristi af sér mesta sandinn, renndi höndunum í gegnum hárið og reyndi að snyrta sig til. Hann gekk niður að sjónum og notaði volgt saltvatnið til að skola sig í framan og ná sandinum af höndunum. Mamma hans hafði kennt honum að leitast alltaf við að vera hreinn og snyrtilegur, „sá sem ekki getur hirt vel um sjálfan sig hefur glatað sjálfum sér“ sagði hún oft. Jafnvel þegar ekkert var til að borða, þau réðu ekki við lekann af þakinu á bárujárnskofanum og þeim var kalt og skulfu inn að beini, lét mamma hann alltaf þrifa sig í framan, slétta fötin sín og standa uppréttur.

Hann vissi sem var að það dýrmætasta sem Guð hafði gefið honum var sjálfsvirðing. Sá eini sem gæti stolið henni frá honum var hann sjálfur.

Popptenging

Earth - Official Movie Trailer

<http://www.youtube.com/watch?v=CeacjOkLjZ0>

Pegar við tölum um ráðsmennskuhlutverk okkar og sköpun Guðs, þá er þetta kynningarmyndband fyrir kvikmyndina „Earth“ alveg stórkostlegt. Eins má að sjálfsögðu horfa á myndina sjálfa að hluta til eða í heild.

Samvera 9 - Hógværð

Ritningartexti: Fil 2.3-11

Gerid ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verid lítillát og metid hvert annað meira en ykkur sjálf. Lítid ekki aðeins á eigin hag heldur einnig annarra. Verid með sama hugarfari sem Kristur Jesús var. Hann var í Guðs mynd. En hann fór ekki með það sem feng sinn að vera Guði líkur. Hann svipti sig öllu, tók á sig þjóns mynd og varð mönnum líkur. Hann kom fram sem maður, lægði sjálfan sig og varð hlýðinn allt til dauða, já, dauðans á krossi.

Fyrir því hefur og Guð hátt upp hafið hann og gefið honum nafnið, sem hverju nafni er æðra, til þess að fyrir nafni Jesú skuli hvert kné beygja sig á himni, jörðu og undir jörðu og sérhver tunga játa Guði föður til dýrðar: Jesús Kristur er Drottinn.

Markmið

Samverunni er ætlað að fá þátttakendur til að hugsa um mikilvægi þess að meta annað fólk til jafns við þá sjálfa.

Um textann

Það er okkur eðlislægt að horfa fyrst og fremst til okkar sjálfra. Frægur guðfræðingur um miðja síðustu öld talaði um að erfðasyndin birtist hvað skýrast í orðinu „ég.“ Við metum aðra út frá okkar eigin þörfum og löngunum. Svör við spurningum um rétt og rangt hafa tilhneingingu til að breytast þegar „ég“ verð fyrir áhrifum af svörum.

Líf og starf Jesús snéri þessari hugmynd og mörgum öðrum á hvolf. Eins og segir í textanum hér að ofan, þá lægði hann sjálfan sig. Hann lagði áherslu á að þjóna en ekki vera þjónað. Jesús lagði sjálfan sig í sölnar fyrir okkur.

„Ég“ er einmanalegt orð. Það beinir athyglinni frá samskiptum okkar hvort við annað, það leitast við að greina í sundur. Það á líka við um orðið „þú“. Í frumkirkjunni var áherslan ekki á orðin „ég“ og „þú“ heldur „við“.

Samfélagið sem myndaðist fyrst eftir upprisuna leitaðist við að eiga allt saman, lifa saman og byggja sig upp saman. Það gekk ekki vel. Raddir sjálfhverfu og aðgreiningar urðu fljótt háværar. Ég skil þetta betur, ég er bænheitari, ég er reyndari, ég er gáfaðri, ég er í meirihlutanum. Strax meðal lærisveina Jesús sjáum við sjálfhverfuna, þar sem þeir rífast um hver þeirra sé mikilvægastur. Svar Jesú kallast á við skrif Páls hér að ofan:

En eigi sé yður svo farið heldur sé hinn mesti yðar á meðal sem væri hann yngstur og foringinn sem þjónn. Því hvort er sá meiri

sem situr til borðs eða hinn sem þjónar? Er það ekki sá sem situr til borðs? Samt er ég meðal yðar eins og þjónninn. (Lk 22.26-27)

Það er mikið auðveldara að útskýra hvernig hógværð er ekki en að reyna að útskýra hvernig hógværð birtist í lífi okkar. Þó er mikilvægt að skilja að hluti af því að vera hógvær felst í að geta þegið hjálp og góðmennsku, en telja sig ekki hafin(n) yfir þörfina á hjálp.

Hugmynd að hugleiðingu

Hver er mikilvægastur?

Hægt er að setja fram myndir af mismunandi starfsfólki og fá þátttakendur til að raða þeim upp í mikilvægisröð. Þegar því er lokið má lesa frásöguna í Lk. 22.24-27 og spyrja hvort að það breyti einhverju í uppröðuninni.

Að lokum má spyrja þátttakendur hvort að raunin sé ekki sú að við séum öll jafn mikilvæg. Við séum öll Guðs sköpun. Það þýði auðvitað líka að við eigum að koma fram við ALLA aðra líkt og þeir séu einnig Guðssköpun. Hvorki betri né verri, merkilegri eða ómerkilegri, heldur öll elskuð eins af sama Guði.

Najac - Atburðurinn sem breytti öllu

Það var liðið á daginn. Najac gekk eftir breiðgötunni framan við forsetahöllina og bauðst til að þrifa rúðurnar á bílunum sem voru fastir í umferðinni. Hann gerði þetta stundum seinnipartinn og oftast náði hann að vinna sér inn smá aur sem hann gat notað til að kaupa sér mat.

Allt í einu byrjaði hávaðinn. Það var eins og eitthvað skylli saman í sífellu. Síðan fann Najac eins og jörðina hristast og titra. Najac fannst eins og risastór truckur væri að keyra rétt hjá sér, nema hann sá engan truck og umferðin var stopp. Hann skyldi þetta ekki. Honum varð litið í átt að forsetahöllinni, en það eina sem hann sá var grátt ryk í loftinu.

Titringurinn hélt áfram, hávaðinn var undarlegur, brothljóð í fjarska, hann sé tré við veginn detta yfir bíl. Najac stóð grafkyrr, hvenær hættir þetta hugsaði hann og þá, jafnskjótt og hávaðinn og titringurinn hófst varð algjör kyrrð í smá stund. Eins og það hefði verið slökkt á tímanum. Það stóð ekki lengi. Najac heyrði hróp og öskur í fjarlægð, fólk steig út úr bílunum sínum og allir virtust byrja að hlaupa. Najac skyldi ekki hvert. Hann ákvað að koma sér að skólanum og spyrja kennarann hvað hefði eiginlega gerst. Najac gekk af stað, loftið var öðruvísi en venjulega, ryk út um allt.

Hávaðinn í umhverfinu var líka öðruvísi. Hrópin frá götusölunum voru þögnuð, en það voru annars konar hróp sem heyrðust. Hlaupandi fólk um allt að kalla hvort á annað í rykinu.

Þegar Najac hafði gengið í átt að skólanum smá stund heyrði hann kallað til sín: „Hjálp, getur þú hjálpað mér?“

Najac leit í áttina að röddinni og sá konu liggja á jörðinni með annan fótinn

grafinn undir grjóti. Najac hljóp til hennar og byrjaði að kasta grjótinu af fætinum. Hann fann til með konunni og var glaður að geta hjálpað, en fann til með henni um leið. Eftir að Najac hafði náð mesta grjótinu burt, tókst konunni að standa upp. Hún faðmaði Najac fyrir hjálpina en hljóp svo burt kallandi nafn sem Najac þekkti ekki.

Najac hélt ferðinni áfram að skólanum. Rétt áður en hann kom að skólahúsinu mætti hann dreng sem hann kannaðist við. Hann bjó hjá foreldrum sínum í stóru húsi rétt við skólann og Najac hafði oft séð hann standa með foreldrum sínum, benda á fátæku krakkana og hlæja. En hann hló ekki núna. Hræðslan og óttinn skein úr augunum og hann virtist allt að því stjarfur. Najac langaði að hjálpa honum en vissi ekki hvernig. Það á enginn skilið að vera stjarfur af hræðslu. Najac staldraði við, tók í hönd drengsins og setti í lófa hans alla aurana sem Najac hafði unnið sér inn fyrr um morguninn. Najac vissi sem var að hann gæti auðveldlega unnið sér inn þessa peninga aftur, en drengurinn virtist ekki hafa neitt. Drengurinn leit í augu Najac, hræðslan og óttinn hafði breyst í þakklæti þessa örskotsstund, ekki vegna auranna endilega, heldur vegna þess að einhver hafði veitt honum athygli. Najac leið vel að sjá þakklætið í augum drengsins og þeir brostu hvor til annars áður en Najac gekk að skólahúsinu.

Skólahúsið hafði hrunið að hluta. Þar sem kennslustofan hafði verið áður, var steinahrúga. Najac horfði um allt í leit að starfsfólki skólans en þarna var enginn.

Popptenging

Christina Aguilera - Lift Me Up

<http://www.youtube.com/watch?v=nmUzh2wKZMs>

Söngur Christina Aguilera á söfnunartónleikum í kjölfar jarðskjálftanna á Haiti vakti mikla athygli, enda er flutningurinn frábær og textinn viðeigandi. Christina syngur um að hún geti ekki höndlað aðstæðurnar sem hún er í, viðurkennir að hún þarfnist hjálpar. Auðmýktin í textanum minnir okkur á að ekkert okkar er óstöðvandi og við þörfumst hvors annars.

[7.26] HOW TO: Be Humble

<http://www.youtube.com/watch?v=4XJMqGOGi5E>

Kaldhæðni og írónía eru líklega aldrei viðeigandi í starfi með börnum og unglíngum. Þetta myndband inniheldur bæði í miklu mæli, þegar það varpar upp vangaveltum um hvort hægt sé að vera bestur í því að vera hógvær.

Notting Hill - Brownie Contest

http://www.youtube.com/watch?v=PTjIRQU_HdM

Það er augljóst að auðvelt er að nálgast hógværd út frá kaldhæðninni. Í myndinni Notting Hill leikur Julia Roberts fræga leikkonu sem útskýrir fyrir nýjum vinum sínum hvernig lífið hennar er í raun og veru.

Ítarefni

<http://tru.is/pistlar/2009/11/hogvaerdin>

Samvera 10 - Sjálfsagi

Ritningartexti: Fil. 3.10-14

Ég vil þekkja Krist og kraft upprisú hans, ég vil þjást með honum og líkjast honum í dauða hans. Mætti mér auðnast að ná til upprisunnar frá dauðum. Ekki er svo að ég hafi þegar náð því eða sé þegar fullkominn. En ég keppi eftir því ef ég skyldi geta höndlað það, með því að ég er höndlaður af Kristi Jesú. Systkin, ekki tel ég sjálfan mig enn hafa höndlað það. En eitt geri ég. Ég gleymi því sem að baki er en seilist eftir því sem fram undan er og keppi þannig að markinu, til verðlaunanna á himnum, sem Guð hefur í Kristi kallað okkur til.

Markmið

Guð kallar okkur til að leggja okkur fram, gera okkar besta. Guð hefur gefið okkur hæfileika sem við eigum að nýta til fullnustu.

Um textann

Páll stofnaði kirkjuna í Filippí. Hann hafði verið fangelsaður vegna trúar sinnar á Krist. Hann hafði skrifað ótal bréf og ferðast um heiminn til að boða Guð. En hann vissi sem var að það sem hann hafði gert kæmi honum ekki til himna. Hann vissi líka að það sem hann átti eftir að afreka í lífinu kæmi honum ekki til himna. Himnaríki stendur okkur opið vegna elsku Guðs til okkar, ekkert annað opnar leiðina til Guðs.

Páll þráði að skilja eða öllu heldur þekkja elsku Guðs. Hann vissi vel að hann mundi aldrei elska heiminn eins og Guð elskar sköpun sína, en Páll vildi reyna. Hann vildi leitast við að líkjast Jesú Kristi. Þessi þrá hans eftir að elska eins og Guð var ekki vegna þess að hann langaði til himna, heldur vegna þess að hann vissi að hann ætti eilíft líf á himnum.

Í þrá okkar eftir að elska eins og Guð einn getur elskað, þá þýðir ekkert að festast í misgjörðum fortíðar. Við þurfum að horfa fram á veginn, en megum ekki hafa sífelldar áhyggjur af því sem bregður fyrir í baksýnispeglinum.

Páll vissi að áhyggjur fortíðar geta komið í veg fyrir að við elskum aðra. Áhyggjur af höfnun eða því að valda vonbrigðum geta komið í veg fyrir að elska fljóti óáreitt. Þess vegna er mikilvægt að stefna áfram að markinu, en festast ekki í fortíðinni.

Najac - Að gera það sem rétt er

Najac vaknaði og leit í kringum sig. Hann hafði sofnað á stórum grasfleti umkringdur af fólki. Eftir að hafa ekki fundið neinn við skólann kvöldið áður ákvað hann að fylgja mannfjöldanum inn á opið svæði rétt ofan við höfuðborgina. Hann svaf vel þessa nótt, honum fannst öryggi í að vita af

fólkinu allt í kringum hann. Hann skynjaði samkennd og langt fram eftir nóttu hafði hann heyrt fólkið syngja saman í litlum hópum.

Najac átti hálf brauð í vasanum og ákvað að byrja daginn á að fá sér góðan bita. Það var líka ekki ljóst hvernig eða hvenær hann finndi mat næst. Þegar hann hafði fengið sér af brauðinu gekk Najac af stað. Það var alls konar fólk samankomið á þessum stað. Eftir skamma stund rakst hann á nokkra stráka sem hann kannaðist við. Þeir höfðu notað peysurnar sínar til að búa til tvö mörk og spiluðu fótbolta mitt í mannfjöldanum. Najac ákvað að skella sér með í leikinn.

Þegar þeir höfðu spilað nokkra stund tóku þeir eftir manni sem stóð á lengdar og fylgdist með þeim. Hann virtist vera frá fyrirheitna landinu. Það sást á fótunum sem hann var í, og kannski ekki síst á því hvernig hann leit út. Maðurinn virtist aldrei hafa þurft að neita sér um mat. Það var samt útgangurinn á honum sem Najac tók helst eftir. Hann var skítugur, illa hirtur, skyrtan hans var óhreinn og honum leið illa, var hræddur. Najac rifjaði upp samtal kennarana. Kannski var þetta einn af þeim sem hélt sig eiga allt og átti enga von, enga drauma um eitthvað betra, eitthvað meira. Kannski átti hann enga þrá eftir réttlæti, kannski hafði hann týnt sjálfum sér og tók ekki eftir eigin útliti.

Najac ákvað að bjóða mannum með í leikinn og sparkaði boltanum til hans. Maðurinn tók boltann og hélt honum á lofti um stund, sparkaði boltanum til baka og gekk yfir til þeirra. Najac kunni ekki tungumál fyrirheitna landsins og maðurinn talaði ekki málið þeirra. En skyndilega skipti það ekki máli. Maðurinn brosti og hló yfir að fá að vera með, þeir bentu honum á í hvoru liðinu hann ætti að spila og leikurinn hélt áfram. Hann var vissulega feitur og mikill en hann hélt boltanum vel og strákarnir leyfðu honum að sóla sig fram hjá þeim, enda var hann svo hægur að þeir náðu honum alltaf aftur. Najac sá hvernig dró úr spennunni og hræðslunni í andlitsdráttum mannsins og þegar leið á leikinn sá Najac hvernig augu mannsins lifnuðu við.

Najac gladdist yfir því að geta glatt mann sem virtist án vonar, án framtíðar og þegar maðurinn þakkaði fyrir sig og gekk á braut ákvað Najac að gefa honum afganginn af brauðinu sínu. Najac vissi sem var að hann gæti bjargað sér, en maðurinn frá fyrirheitna landinu þyrfti alla þá hjálp sem hann gæti fengið.

Popptenging

VW auglýsingin Mátturinn: Stjörnustríð

<http://www.youtube.com/watch?v=R55e-uHQna0>

Í Stjörnustríðsmyndunum snýst allt um að ná valdi á mættinum, kraftinum sem stýrir alheiminum. Þó ópersónulegur máttur Stjörnustríðsmyndanna sé ekki samrýmanlegur við þann persónulega Guð sem skapar og frelsar, þá minnir myndbandið á mikilvægi þess að einbeita sér og gefast ekki upp þrátt fyrir að ekkert virðist virka í fyrstu.

Samvera 11 - Valdefling

Ritningartexti: Jesaja 49.15-16a

Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu?

Og þó að þær gætu gleymt þá gleymi ég þér samt ekki.

Ég hef rist þig í lófa mér,

múra þína hef ég sífellt fyrir augum.

Markmið

Guð elskar ALLA sköpun sína. Ekki bara aðra og ekki bara mig og/eða þig. Guð elskar ALLA sköpun sína og gleymir aldrei.

Um textann

Guð gleymir okkur aldrei. Guð elskar sköpun sína og ber líf okkar fyrir brjósti. Einhverjum gæti fundist að sjálfstraust og hógværð fari illa saman en hið gagnstæða á við. Ef við búum ekki yfir fullvissunni um ást Guðs til okkar, lifum við stöðuglega við þörfina til að sanna okkur, sýna sjálfstraust og yfirburði. Fullvissan um elsku Guðs hjálpar okkur til að losna undan þörfinni fyrir viðurkenningu og aðdáun annarra, gerir okkur mögulegt að koma fram af auðmýkt og hógværð, vitandi að mælikvarði annarra stjórnar ekki hver við erum.

Fræðimenn hafa sagt að lífið snúist um að fá þremur þörfum fullnægt eða öllu heldur þremur spurningum svarað.

- Elskar mig einhver?
- Vill einhver leika við mig?
- Get ég gert gagn?

Svörin við öllum þessum spurningum eru grundvallandi í lífi og starfi kristinnar kirkju. Við erum elskuð af Guði. Við erum kölluð til að eiga í samfélagi hvort við annað. Við erum kölluð til að gefa innsýn í Guðs ríki á jörðu í samskiptum við aðra, endurspeglja ást Guðs gagnvart allri sköpun sinni.

Þegar við tölum um valdeflingu (e. empowerment) þá hljótum við að horfa til þessara þátta fyrst og fremst. Þ.e. hjálpa öðrum að svara spurningunum þremur.

- Já, Guð elskar mig.
- Já, við erum hérna saman.
- Já, við eigum að vera litlir „Jesúsar.“

Najac - Að skipta (ekki) máli

Það er búið að vera erfitt eftir „atburðinn sem breytti öllu“. Allir í kringum Najac eru hræddir, óvissan er mikil. Samkenndin og vináttan sem ríkti fyrst, virðist vera að hverfa. Félagar Najac eru orðnir pirraðri en áður og í gær þegar Najac lýsti fyrir þeim tilhlökkun sinni að komast brátt heim til mömmu sinnar, hreytti einn þeirra út úr sér: „Hættu þessu rugli. Mamma þín sendi þig hingað til höfuðborgarinnar að losna við þig. Þú varst byrði á henni og líkt og hún losar sig við ruslið út á hauga, henti hún þér hingað. Henni er alveg sama. Þú ferð aldrei aftur heim. Þú ert bara rusl.“

Najac hugsaði um fólkið í kringum sig. Hann hafði ekki séð litlu frænku sína síðan hann flúði á götuna. Ekki þótti ættingjunum mikið til hans koma. Verksmiðjustjórinn hafði ekki talið hann mikils virði. Kennarinn hafði sýnt honum væntumþykkju, en enginn virtist hafa séð kennarann eftir „atburðinn sem breytti öllu.“ Najac hugsaði um hver myndi eiginlega eftir sér, væri hann e.t.v. gleymdur öllum. Skyldi feiti fótboltamaðurinn frá fyrirheitna landinu muna eftir honum, varla. Tannlæknirinn væri líklega búin að gleyma honum. Ferðalangurinn og hitt starfsfólkið í skólanum, ef það var þá á lífi, hafði um mikilvægari hluti að hugsa en Najac. Það var óþægilegt að hugsa svona, kannski höfðu strákarnir rétt fyrir sér. Najac vissi ekki hvað hann átti að halda. Eftir að hann fór frá ættingjunum og flutti á götuna hafði hann ekkert heyrt frá mömmu sinni. Það voru eftir allt komnir rúmlega 6 mánuðir og svo margt hafði gerst.

Najac vissi að hann mátti ekki glata voninni, en það var bara svo erfitt. Hann varð að halda áfram. Hann varð að komast heim til mömmu.

Popptenging

Christina Aguilera - Beautiful

<http://www.youtube.com/watch?v=eAfyFTzZDMM>

Fjöldmörg popplög eru til sem geta hentað til að ræða um að við erum öll dýrmæt og elskuð sköpun Guðs. Ákall Christina Aguilera, þar sem hún biður viðmælanda sinn um að gera ekki lítið úr sér, því hún sé falleg á allan hátt og segir slíkt hið sama við viðmælanda sinn, er gott innlegg. Myndbandið hér að ofan hefur sterka vísun til lystarstols og samkynhneigðar sem gæti virkað stuðandi á einhvern.

Maria Aragon - Born this way (cover á Lady Gaga lagi)

<http://www.youtube.com/watch?v=xG0wi1m-89o>

Born This Way með Lady Gaga gæti einnig hentað sérstaklega eldri þátttakendum. Útgáfa Maria Aragon er mjög hentug til að fjalla um textann sem er um margt góður til að minna á að við erum dýrmæt sköpun Guðs, sama hver húðlitur, kyn, kynhneigð eða uppruni er. Ástæða er til að benda á að opinbera myndbandið á Youtube með því lagi hentar ekki til flutnings í starfi KFUM og KFUK. Ef þú vilt notast við Lady Gaga sjálfa er flutningur

lagsins á tónleikunum “A Very Gaga Thanksgiving” mun hentugri (sjá hér: <http://www.youtube.com/watch?v=JLmMsQsp5ZM>).

Rebecca Black - My Moment

<http://www.youtube.com/watch?v=2OxWD85Ngz4>

Saga Rebecca Black ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum á netinu.

Rebecca gaf út á Youtube myndband með laginu „Friday“ í febrúar 2011 og í mars það sama ár vakti lagið gífurlega athygli og hefur í dag verið skoðað ríflega 200 milljónum sinnum. Athyglin sem lagið fékk byggði að hluta til á því að mjög vinsælt var að gera lítið úr hæfileikum

söngkonunnar og virtir fjölmiðlar eins og BBC á Bretlandi, ABC í Ástralíu og Los Angeles Times töluðu um versta lag allra tíma, sem verða að teljast harkaleg viðbrögð gagnvart 14 ára stelpu, enda hefur Rebecca sjálf bent á að það hversu ömurlegt það er að upplifa niðurlægingu eða einelti (e. bullying) vegna þess að hún lét drauma sína rætast. Hún segist samt ekki ætla að láta það stoppa sig.

Lagið „My Moment“ er svar Rebeccu við árásumum. Enda er hún í dag orðin stórstjarna í Bandaríkjunum þrátt fyrir neikvæðnina í sinn garð.

Ítarefni

Vika gegn rasisma

Í flestum deildum fellur samvera 11 inn í Evrópuviku gegn kynþáttahatri eða rasisma. Við hvetjum leiðtoga til að skoða hvernig hægt er að hvetja þátttakendur í starfinu til að berjast gegn mismunun og kynþáttahatri hvar sem það birtist. Nánari upplýsingar um vikuna má fá á vefsíðunni: http://www.unitedagainstracism.org/pages/infoARW_12.htm.

Samvera 12 - Samkennd

Ritningartexti: Lk 15.11-32

Enn sagði Jesús: „Maður nokkur átti tvo sonu. Sá yngri þeirra sagði við föður sinn: Faðir, lát mig fá þann hluta eignanna sem mér ber. Og faðirinn skipti með þeim eigum sínum. Fáum dögum síðar kom yngri sonurinn eigum sínum í verð og fór burt í fjarlægt land. Þar sóaði hann fé sínu í óhófsömum lifnaði. En er hann hafði öllu eytt varð mikið hungur í því landi og hann tók að líða skort. Fór hann þá og settist upp hjá manni einum í því landi. Sá sendi hann út á lendur sínar að gæta svína og hefði hann feginn viljað seðja sig á drafinu er svínin átu en enginn gaf honum.

En nú kom hann til sjálfs sín og sagði: Hve margir eru daglaunamenn föður míns og hafa gnægð matar en ég ferst hér úr hungri! Nú tek ég mig upp, fer til föður míns og segi við hann: Faðir, ég hef syndgað móti himninum og gegn þér. Ég er ekki framar verður að heita sonur þinn. Lát mig vera sem einn af daglaunamönnum þínum.

Og hann tók sig upp og fór til föður síns. En er hann var enn langt í burtu sá faðir hans hann og kenndi í brjósti um hann, hljóp og féll um háls honum og kyssti hann. En sonurinn sagði við hann: Faðir, ég hef syndgað móti himninum og gegn þér. Ég er ekki framar verður að heita sonur þinn. Þá sagði faðir hans við þjóna sína: Komið fljótt með hina bestu skikkju og færið hann í, dragið hring á hönd hans og skó á fætur honum. Sækið og alikálfinn og slátrið, við skulum eta og gera okkur glaðan dag. Því að þessi sonur minn var dauður og er lifnaður aftur. Hann var týndur og er fundinn. Tóku menn nú að gera sér glaðan dag.

En eldri sonur hans var á akri. Þegar hann kom og nálgadist húsið heyrði hann hljóðfærslátt og dans. Hann kallaði á einn piltanna og spurði hvað um væri að vera. Hann svaraði: Bróðir þinn er kominn og faðir þinn hefur slátrað alikálfnum af því að hann heimti hann heilan heim.

Þá reiddist eldri bróðirinn og vildi ekki fara inn. En faðir hans fór út og bað hann koma. En hann svaraði föður sínum: Nú er ég búinn að þjóna þér öll þessi ár og hef aldrei breytt út af boðum þínum og mér hefur þú aldrei gefið kiðling að ég gæti glatt mig með vinum mínum. En þegar hann kemur, þessi sonur þinn sem hefur sóað eigum þínum með skækjum, þá slátrar þú alikálfnum fyrir hann. Faðirinn sagði þá við hann: Barnið mitt, þú ert alltaf hjá mér og allt mitt er þitt. En nú varð að halda hátíð og fagna því að hann bróðir þinn, sem var dauður, er lifnaður aftur, hann var týndur og er fundinn.“

Markmið

Markmið þessarar samveru er að fá þátttakendur til að hugsa um elsku Guðs og hvernig við sjáum okkur sjálf í ljósi þess að Guð elskar okkur.

Um textann

Dæmisögur Jesú eru magnaðar. Við erum samtímis enginn og allir í sögunni. Við höfum e.t.v. staðið í sporum vinanna í borginni. Tekið þátt í góðu partyi en látið okkur snarlega hverfa áður en kom að tiltekt. Það er auðvelt að setja sig í spor eldri bróðurins, sem reiðist vegna þess að öðrum er fyrirgefið án þess að þeir hafi unnið sér fyrir því. Við höfum öll upplifað okkur fjarlæg frá Guði einhvern tímann og getum séð okkur í augum yngri sonarins. Við getum líka velt fyrir okkur hvernig við myndum bregðast við í sporum föðurins.

Samtal milli mismunandi persóna í sögunni er erfitt og næstum ómögulegt. Í dæmisögunni festast sögupersónurnar í eigin hugmyndum um hvernig hlutirnir eru eða eiga að vera. Yngri syninum finnst að faðir sinn eigi að taka á móti sér á ákveðinn hátt. Sömuleiðis hefur eldri sonurinn sínar eigin hugmyndir um framvindu mála. Það er aðeins með því að ræða saman sem við getum færst á nýjan stað, haldið lífinu áfram við nýjar aðstæður.

Ástæða þess að sagan sem stundum er kölluð „Týndi sonurinn“ er aftur í efninu á þessum vetri, en hún var notuð í fræðsluefninu fyrir jól, er að spegla viðbrögð föðurins við möguleg viðbrögð móðurinnar í frásögunni um Najac hér á eftir. Sagan hér að neðan skilur eftir spurningu fyrir þátttakendur. Hvernig viðbrögð fær Najac þegar hann kemur á ný heim í þorpið sitt og hittir (eða hittir ekki) móður sína?

Hér er mjög mikilvægt að hjálpa þátttakendum að greina og sjá hvað er líkt og hvað ólíkt með sögunum tveimur. Þar má nefna sérstaklega ástæðu þess að Najac yfirgefur heimili sitt og ástæðu þess að yngri sonurinn ákvað að fara.

Mikilvægur hluti fræðslunnar á þessari samveru er að semja endi á söguna um Najac. Hvað gerist þegar hann loks kemur í þorpið sitt. Þegar þátttakendur hafa komið sér saman um endi má ræða um hvers vegna endirinn sé á þann veg sem þau komu sér saman um. Ef ástæða er til má jafnframt velja fyrir sér hvort að endirinn sem þau semja og velja geti kennt okkur eitthvað um Guð.

Najac - Heimkoman

Stundum gerist eitthvað óskiljanlegt. Í dag á markaðnum fékk Najac vinnu við að flytja kassa af pallbíl inn í sölutjald. Þegar verkefninu var rétt um það bil að ljúka, spurði bílstjórinn á bílnum hvort Najac væri ekki frá þorpi upp á sléttunni. Þegar Najac svaraði játandi, sagði bílstjórinn honum að þar væri næga vinnu að fá fyrir duglega stráka. Hjálparsamtök hefðu mætt á svæðið, með iðnkennslu og stutt marga af íbúunum við að koma sér upp smáfyritækjum og í tengslum við það væri margvíslega vinnu að fá, t.d. við að koma vörum á markaðina í höfuðborginni.

Það var fátt að gera fyrir Najac í höfuðborginni og hann hugsaði sem svo að hann gæti eins vel haldið heim. En hvað með mömmu. Var það

kannski satt sem strákarnir höfðu sagt, vildi hún kannski ekkert af honum vita. En Najac varð að komast heim. Hann varð að treysta á vonina. Þegar allir kassarnir voru komnir inn í tjaldið spurði bílstjórinn Najac hvort hann vildi fá að sitja í og fara heim í þorpið. Najac hikaði ekki þegar hann svaraði játandi, loksins kæmist hann heim til mömmu.

...

Eftir margra klukkutíma akstur sá Najac þorpið sitt framundan á veginum. Hann hafði hnút í maganum. Hafði mamma hans gleymt honum? Var hann kannski eftir allt eins og ruslið? Þegar þeir komu nær langaði Najac helst að hætta við allt saman, fara aftur til höfuðborgarinnar, þar gat hann alla vega lifað í voninni um að mömmu hans þætti vænt um hann. Nú myndi hann komast að því eftir nokkrar mínútur hvort að vonir sínar myndu rætast. Endir.

Popptenging

Coldplay - Paradise

http://www.youtube.com/watch?v=1G4isv_Fylg&ob=av2e

Myndbandið við lagið Paradise með Coldplay, er einstaklega skemmtilegt og fjallar um þörfina fyrir að tilheyra. Fá að vera við sjálf með þeim sem okkur þykir vænt um. Lagið var notað með íslenskum texta á unglingsmóti í Vatnaskógi vorið 2012.

Valdimar - Yfirgefinn

<http://www.youtube.com/watch?v=w4pkAHD5B84>

Óvissan um framtíðina og hvað er framundan er nálgun þeirra snillinga í hljómsveitinni Valdimar í laginu Yfirgefinn. Samspil látanna, þagnarinnar, myrkursins og einmanaleikans, kallast á við enda sögunnar um Najac.

Safe and Sound - Taylor Swift

<http://hungergamesmovie.org/9511/watch-taylor-swift-civil-wars-safe-sound-music-video/>

Það er sennilegt að á lokafundinum í mars hafi einhverjir unglingana séð kvikmyndina „Hungurleikarnir“ (e. Hunger Games) sem verður frumsýnd 23. mars. Lag Taylor Swift í myndinni „Safe and Sound“ getur sem best kallað fram hugrenningatengsl hjá þátttakendum við samband Katniss og Rue í myndinni. Hægt er að ræða við þátttakendur um hvað felst í að upplifa öryggi og hvað felst í því að vera hluti af einhverju stærra en við erum sjálf.